

Frístundastarf á Fljótsdalshéraði

Skýrslu þessa vann starfshópur sem kom fyrst saman 24. september 2019 og samanstóð af Bylgju Borgþórsdóttur, fulltrúa íþrótt- og tómstundasviðs, Davíð Þór Sigurðarsyni, fulltrúa íþróttafélaga, Helgu Guðmundsdóttur, fulltrúa fræðslusviðs og Júlíu Sæmundsdóttur, fulltrúa félagsmálasviðs. Björn Ingimarsson, bæjarstjóri, leiddi starf hópsins.

Vann hópurinn samkvæmt erindisbréfi staðfestu af bæjarstjórn, dagsettu 21. ágúst 2019, en í því sagði m.a. að hópurinn ætti að skoða markmið og leiðir í frístundastarfi barna og ungmenna í sveitarfélaginu auk húsnæðisaðstöðu.

Kynnti hópurinn sér frístundamál í öðrum sveitarfélögum og til að mynda heimsóttu fulltrúar hópsins Seltjarnarnes og Grafarvog til að glöggva sig betur á þeirri starfsemi sem þar fer fram. Voru þær heimsóknir ákaflega góðar og hvetjandi.

Hópurinn hittist í síðasta sinn 12. febrúar 2020 og lauk þá skýrslu sem hér fer á eftir.

Hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið í starfsemi frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn

Auk þess sem fram kemur í grunnskólalögum er mikilvægt að horfa til skýrslu starfshóps sem vann að því að setja fram greiningu á hlutverki, leiðarljósi, markmiðum og viðmiðum í starfsemi frístundaheimilanna en skýrslan var unnin að tilhlutan og gefin út af Mennta- og menningarmálaráðuneytið í febrúar 2018. Mikilvægt er að horfa til þessara niðurstaðna sem litið er á sem leiðbeinandi viðmið ráðuneytisins við þessa starfsemi. Skýrsluna má finna á heimasíðu ráðuneytisins.¹

Sú sviðsmynd sem við viljum ná fram á næstu árum

I: Starfstími skóla

Í sveitarfélaginu starfar menntaður tómstunda- og félagsmálafræðingur sem ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd á öllu tómstundastarfi í sveitarfélaginu, allt frá vöggu til grafar. Það samræmist einnig niðurstöðu í ofangreindri skýrslu um starfsemi frístundaheimilanna en þar kemur fram sem viðmið 10 eftirfarandi:

Uppeldismenntaður forstöðumaður stýrir starfseminni og veitir faglega forystu.

Undir þessum aðila starfar svo forstöðufólk stofnana að sameiginlegri stefnu og markmiðum. Starfsfólk ætti eins og kostur er að vera fagmenntað og hafa fjölbreytta reynslu og mismunandi bakgrunn.

¹ <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=80cf3a67-3103-11e8-942a-005056bc530c>

Faglegt og samfelld frístundastarf undir leiðsögn menntaðs fagfólks fer fram frá því að grunnskólar hefjast í lok ágúst og þar til skólum er slitið í byrjun júní. Ekki er gert ráð fyrir því að Frístund sé opin á þeim dögum sem skólinn er í frí.

Farið er eftir reglum og viðmiðum um faglegt frístundastarf. Áhersla hvers frístundaheimilis er á að hvert barn, óháð aðstæðum, fái að njóta sín og þroskast. Að ræktaðar séu með börnunum sjálfstæðar skoðanir þeirra og ýtt undir hæfileika og áhugasviðs hvers og eins til að styrkja sjálfsmynd þeirra og byggja upp sjálfsmat. Lýðræði er í hávegum haft.

Í Frístund er boðið upp á fjölbreytt starf, m.a. hafa börnin hafi val um viðfangsefni, og hópastarf er reglulegur og eðlilegur þáttur í starfinu.

Nýttar eru þær auðlindir sem eru í nágrenni hvers frístundaheimilis, svo sem almenningsgarðar, íþróttastaða, sundlaug, útikennslustofur, almenn útivistarsvæði og margt fleira. Útivist og hreyfing fléttuð vel og skilvirkt inn í starfið, en miða skal við það skv. landlækni að börn og unglingar stundi miðlungs erfiða eða erfiða hreyfingu í a.m.k. 60 mínútur á dag.

Stefnt er að því að nemendur í 1.-4. bekk stundi sitt nám og sínar tómsundur að mestu á vinnutíma, þ.e. á milli kl. 08:00 að morgni og til 17:00 síðdegis, með það að leiðarljósi að þarfir fjölskyldunnar séu í fyrirrúmi. „Grindavíkurleiðin“ er höfð að leiðarljósi fyrir þennan aldurshóp, þar sem foreldrar greiða aðeins eitt gjald á ári fyrir íþróttaiðkun hvers barn. Markmiðið er bæði að auka áhuga barna á þátttöku í íþróttastarfi og auðvelda foreldrum að leyfa börnum að prófa fjölbreyttar íþróttagreinar í upphafi.

Börn með skilgreindar þarfir fá í Frístund, og öðru tómsundastarfi, þann stuðning sem nauðsynlegur er, sbr. vísun í lög um þjónustu við fatlaða. Þessi stuðningur getur verið tímabundinn eða til lengri tíma, snúið að líkamlegri aðstoð eða félagslegri. Stuðningsaðili barnsins vinnur markvisst að því að barnið njóti sín í leik og starfi. Þessi aðili fylgir barninu í frístund, í íþróttir, í annað starf og nýtist til að styrkja barnið félagslega. Mikilvægt er að þessi aðili sé ekki fastur á einum stað eða bundinn við eina stofnun, heldur nýtist barninu sem best á þessum tíma.

Þá er mikilvægt að liðveisla barnsins sé annað en þessi stuðningur þar sem liðveisla barnsins er aðstoð við fjölskylduna utan skólatíma.

Félagsmiðstöðin Nýung er áfram í fararbroddi á landsvísu hvað varðar félagsmiðstöðvastarf fyrir bæði mið- og elsta stig grunnskóla. Er áfram boðið upp á, og haldið áfram að þróa, fastar opnanir, sértækt hópastarf og ýmis konar fræðslu- og klúbbastarf.


Starfsemi Vegahússins ungmennahúss er þróuð áfram með það að leiðarljósi að þjónusta sem best ungmenni sem eiga undir högg að sækja. Að auki er starfsemi Vegahússins sem félagsmiðstöð ungmenna aukin.

Tómstundastarf eldri borgara er áfram skipulagt, faglegt og unnið í góðri samvinnu við Félag eldri borgara á Fljótsdalshéraði. Aukið samstarf á milli yngri kynslóðarinnar og þeirrar eldri er þá auðveldara og sjálfsagðara, báðum hópum til gæfu og gagns.

Á **Egilsstöðum** er Frístund í framtíðarhúsnæði sem nýtist frístundastarfi bæði að vetri og sumri. Húsnæðið er rúmgott, það er mögulegt að skipta því niður í herbergi eða rými og húsnæðið er nálægt Egilsstaðaskóla og Íþróttamiðstöðinni.

Möguleikar:

- Bygging nýs húsnæðis í nágrenni skólans.
- Tjarnarlandshúsið.
- Húsnæði sem er til sölu í grenndinni, t.d. í Tjarnarlöndum.
- Frístundahúsnæði sem viðbygging við Íþróttamiðstöð.
 - o Þyrfti þá að setja í forgang.



Í **Fellabæ** eru sömu kröfur hvað varðar rými og nálægð við skóla og íþróttahús, þó þar verði líklega töluvert færri börn til að þjónusta.

Möguleikar:

- Innan tveggja ára losnar húsnæði Hádegishöfða þegar nýr leikskóli verður byggður í Fellabæ.
- Gert sé ráð fyrir Frístund þegar nýr leikskóli er byggður í Fellabæ.
- Byggt verði frístundahúsnæði í grennd skóla og íþróttahúss.



Erfitt er að setja kröfur eða viðmið um stærð slíkra bygginga, enda erfitt að gera ráð fyrir fjölda notenda ár frá ári, en til fróðleiks má nefna að viðmið ÍTR eru 4 m² nettó vinnusvæði pr. barn. Þannig væri verið að tala um a.m.k. 250 m² húsnæði fyrir 50 börn, ef gert er ráð fyrir svæði til að snæða einnig, en þó þannig að vel megi vera hvað varðar skiptingu rýma o.s.frv.

Frístundastarf á að vera fjölbreytt og möguleikar á að geta mætt ólíkum þörfum. Í því sambandi er mikilvægt að horfa til þess að nýta ýmiss konar aðstöðu í samfélaginu bæði innan dyra og utan. Til þess að svo megi vera þarf mannauður að vera nægilegur til að skipta hópum upp og fara með hluta hópsins í ýmiss konar vettvangsferðir, verkefni og heimsóknir utanhúss sem hafa það að markmiði að efla og styrkja þá sem eru taka þátt hverju sinni.

II: Utan starfstíma skóla

Faglegt og samfellt frístundastarf undir leiðsögn menntaðs fagfólks fer fram allt árið, með lokunum á sama tíma og leikskólar á Fljótsdalshéraði. Boðið er upp á sumarfrístund þar sem áhersla er á útvíst, hreyfingu og þátttöku. Fyrir skólabyrjun er boðið upp á „skólasel,“ aðlögun fyrir 1. bekk sem hluta af starfsemi sumarfrístundar.

Frístundastarf utan starfstíma skóla lítur sömu lögmálum og það starf sem fer fram á starfstíma skóla hvað varðar umsjón og faglegt starf.

Með samfellu og heildarsýn á frístundastarf allt árið um kring er að byggður upp möguleiki á áhugaverðu langtímastarfi á heilsársgrundvelli, en erfitt getur reynst að fá menntað fagfólk til starfa í hlutastörf, hluta árs.

Með heildstæðu frístundastarfi allt árið er samfella leik- og grunnskóla einnig hnökralausari, þar sem hægt er að bjóða upp á nokkurs konar skólasel eða skólaaðlögun seinni part sumars, þar sem leikskólinn þarf þá ekki að taka á móti, í raun útskrifuðum, nemendum sínum aftur og þau fá að aðlagast skólanum og skólalífínu í rólegheitum áður en alvaran hefst. Þetta er til hagræðingar fyrir leikskólana einnig sem hafa þá möguleika á að hefja aðlögun nýrra nemenda strax að sumri.

Nauðsynlegt er að bjóða upp á úrlausn fyrir öll börn og fjölskyldur þeirra, m.a. börn með fatlanir, á sumrin og á frídögum skóla.

Sviðsmyndin byggir á aukinni áherslu á fagmennsku í frístundastarfi, bæði með yfirmanni sem hefur menntun í tómsunda- og félagsmálafræði og aukinni áherslu á leiðtogahlutverk forstöðumanna á hverjum starfsvettvangi. Þannig er gert ráð fyrir forstöðumanni frístundastarfs fyrir 1. - 4. bekkjar nemendur sem ber ábyrgð á faglegu starfi og skipulagi daglegrar starfsemi í frístundastarfi bæði sumar og vetur.


Kostnaðarauki við þessa sviðsmynd kemur fyrst og fremst til vegna tómsunda- og félagsmálafræðings og starfsemi sumarfrístundar auk þess sem vægi forstöðumanna einstakra starfsþátta er aukið. Þannig verði til heilt stöðugildi forstöðumanns Frístundar, sem hefur yfirumsjón með frístundastarfi bæði í Egilsstaðaskóla og Fellaskóla² auk sumarfrístundar. Í dag er forstöðumaður frístundar í Egilsstaðaskóla í 50% stöðugildi, að öðru leyti fellur ábyrgð á starfinu á skólastjóra í báðum skólum. Mikilvægt er að áréttu að eftir sem áður skal haft í huga að sama starfsfólk geti sinni störfum bæði í skólunum og frístund eftir því sem á við. Áfram verður gert ráð fyrir forstöðumanni félagsmiðstöðvar í heilu stöðugildi, en ef á að auka vægi starfsemi Vegahússins er nauðsynlegt að gera ráð fyrir forstöðumanni þeirrar starfsemi í 50-75%

² Vel má hugsa sér að í sameinuðu sveitarfélagi falli fagleg forysta frístundastarf fleiri grunnskóla undir viðkomandi forstöðumann.

stöðugildi. Einnig verði áfram gert ráð fyrir forstöðumanni í Hlymsdölum sem beri ábyrgð á fjölpættu frístundastarfi eldri borgara.

Með aukinni heildarsýn á frístundastarf í sveitarfélaginu verð markvisst haft í huga að horfa á tækifæri til að skapa heildstæð og áhugaverð störf sem ganga þvert á aðra starfsemi svo sem frístundar og félagsmiðstöðvar eða frístundar og félagsstarfs eldri borgara eða hvernig sem ætti við eftir því hvaða starfsmenn væri um að ræða.

Dæmi um skipurit



Staðan í dag

Frístund

Frístund/lengd viðvera er í dag starfrækt í bæði Fellaskóla og Egilsstaðaskóla og skólastjórar skólanna hafa yfirumsjón með starfinu.

Starfið byggir á skyldu sveitarfélaga skv. 33. gr. grunnskólalaga:

Frístundaheimili

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega.

Auk þess ber sveitarfélögum að horfa sérstaklega á stöðu fatlaðra barna og ungmenna

Með breytingu á lögum um þjónustu við fatlaða 2018 er réttur fatlaðra barna og ungmenna til frístundaþjónustu eftir að grunnskóladegi lýkur skilgreindur sérstaklega og mikilvægt að hafa það sjónarmið með við skipulag og framkvæmd frístundastarfs til framtíðar.

Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum

frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Ráðherra gefur út leiðbeiningar um framkvæmd þjónustu samkvæmt þessari grein að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Sveitarstjórn skal setja nánari reglur um þjónustuna á grundvelli leiðbeininga ráðherra ³

Staðreyndir um starfsemina í dag

Egilsstaðaskóli

Aðstaða

Fyrst og fremst er notast við eina skólastofu og opið rými á neðstu hæð, en með aukinni þátttöku í frístund hefur verið opnað á nýtingu á aðstöðu í félagsmiðstöðinni Nýung á ákveðnum tímum skólaárið 2019-2020. Hressing snædd í matsal skólans.

Þátttaka

Fjöldi nemenda í nóvember 2019:

Síðdegisfrístund	14:00-16:00				
	Mánud	Þriðjud	miðv.d	fimmtud.	föstud.
1.bekkur	28	17	17	19	23
2. bekkur	9	11	12	9	9
3.bekkur	5	10	11	11	4
4. bekkur	3	2	2	2	2
Samtals:	46	40	42	41	38
Morgungæsla	8:00-8:50				
1.bekkur	12	11	11	11	9
2. bekkur	8	8	8	8	7
3.bekkur	4	5	5	4	5
4. bekkur	1	1	1	1	1
Samtals:	25	25	25	24	22

Starfsmenn

Alla jafna eru 3 starfsmenn í morgunfrístund (milli kl. 8 og 8:50) og 5, auk forstöðumanns, í síðdegisfrístund (milli kl. 14 og 16)

³ <https://www.althingi.is/altext/148/s/0873.html>

Fellaskóli

Notast við rými á sal og undir stiga.

Fjöldi notenda: 27, þar af 10 í 1. bekk, 5 í 2. bekk, 9 í 3. bekk, 2 í 4. bekk og 1 í 5. bekk.

Fjöldi starfa: 2-3 á þeim tíma sem Frístund starfar

Á undanförnum árum hefur hlutfall grunnskólanema í 1. – 4. bekk sem sækja Frístund aukist jafnt og þétt, þó sveiflur séu umtalsverðar á milli ára, árgangar eru mjög misfjölmennir og erfitt að horfa á eingöngu eitt ár til að spá fyrir um það næsta. Að meðaltali taka nú 68% nemenda í 1. bekk, 53% nemenda í 2. bekk, 48% nemenda í 3. bekk og 18% nemenda í 4. bekk þátt í Frístund.

Á næstu árum koma inn í grunnskólana stórir árgangar, einkum eru fæðingarárgangur 2014 og 2016 fjölmennir og því viðbúið að fjölga muni enn frekar í Frístund. Til að bregðast við slíku þarf bæði húsnæði sem rúmar aukinn fjölda og starfsfólk til að sinna þörfum þess hóps sem nýtir Frístund á hverjum tíma. Með auknum nemendafjölda í yngri árgöngum skólanna þrengir einnig áfram að því húsnæði sem á undanförnum árum hefur verið nýtt fyrir Frístund, þar sem taka þarf aukið húsnæði undir kennslu.

Núverandi húsnæði Frístundar/lengdrar viðveru er í dag ekki ásættanlegt í hvorugum skólanna. Í sjálfu sér er ekki gert ráð fyrir starfseminni innan skólanna. Eins er skipulag og utanumhald á höndum skólastjóranna, þannig að óhjákvæmilega er hætt við því að Frístund verði jaðarsett verkefni og það starf sem þar fer fram vill verða baggi á skólastjórnendum.

Starfsfólk Frístundar/lengdrar viðveru er í flestum tilfellum starfsfólk skólanna, jafnan skólaliðar og stuðningsfulltrúar, sem þegar hafa lokið skóladeginum með nemendum. Vera kann að samskipti nemenda og starfsfólks í skóla móti samveruna í frístund og það getur jafnt verið kostur og galli, en hitt er mikilvægt að þetta kallar á að starfsfólkið “skipti um ham” gangi út úr hlutverki skólastarfsmannsins og gangi inn í hlutverk frístundarstarfsmannsins. Þessi viðbót við skóladaginn hefur þó oft reynst mikilvægur þáttur til að geta boðið þessum starfsmönnum heildstæð störf. Það er afar mikilvægt og verður seint of oft nefnt að tómskundastarf er í eðli sínu ólíkt skólastarfi og faglegt tómskundastarf er ekki síður mótandi þáttur þegar kemur að uppeldi barna og ungmenna en skólastarf. Má þar einnig nefna sérstaklega mikilvægi markviss tómskundastarfs fyrir tvítyngd börn bæði vegna máltöku og félagslegrar aðlögunar.

Kostnaður við Frístund í dag

Starfsmenn sem koma að Frístund í grunnskólunum eru eins og fram hefur komið ráðnir í blandað starf, þar sem gjarnan fara saman stuðningur í grunnskóla og verkefni í Frístund, en einnig koma skólaliðar og þroskaþjálfar inn í verkefni í Frístund. Það er því hætt við svolítili ónákvæmni þegar kostnaður við Frístund er reiknaður, þar sem t.d. getur verið breytilegt frá einum tíma til annars hvernig verk raðast innan stofnunnar og hver hlutdeild þroskaþjálfara og annarra sem koma að sérstökum stuðningi við einstök börn eða fámenna barnahópa er hverju

sinni. Þegar þó er reynt að einangra launakostnað vegna Frístundar í skólunum á árinu 2019 er sá kostnaður 10,4 milljónir í Egilsstaðaskóla, miðað við starfsemi í níu og hálfan mánuð, frá dragast innheimt gjöld í Frístund að upphæð rétt rúmar 4 milljónir þannig að raunlaunakostnaður er 6,3 milljónir. Í Fellaskóla má gera ráð fyrir að hliðstæður kostnaður sé um 2,6 milljónir, gjöld til frádráttar rúm 800 þúsund og raunlaunakostnaður því um 1.850 þúsund. Kostnaður vegna afleysinga og annar rekstrarkostnaður er þá ótalin í báðum tilvikum.

Íþróttastarf

Nemendum 1.-3. bekkjar býðst núna að skrá sig í skipulagt íþrótt- og tómsundastarf yfir veturinn hjá Íþróttafélaginu Hetti og Ungmennafélaginu Þristi allt árið um kring, auk árstíðabundinna æfinga hjá öðrum félögum.

Ef farið væri eftir því líkani sem notast er við í Grindavík er miðað við að foreldrar greiði eitt gjald á ári fyrir hvert barn, hér notaðar 40.000 krónur til viðmiðunar, og fyrir það gjald getur barnið stundað þá/þær íþrótt/ir sem það kys.

Reynt er að tryggja að allt íþróttastarf fyrir þennan aldurshóp fari fram fyrir kl.17 á daginn og hægt sé að samþætta það Frístund að miklu leyti.

Samkvæmt Hagstofu eru 6-8 ára börn á Fljótsdalshéraði um 150 talsins árið 2019. Innkoma frá foreldrum yrði þannig um 6.000.000 króna í mesta lagi. Miðað við tölur frá Íþróttafélaginu Hetti er innkoma félagsins fyrir þennan aldurshóp um 14.500.000 krónur á ári.⁴

Í dag er gert ráð fyrir því að um 4.500.000 krónur nýtist í tómsundaframlag fyrir þennan aldurshóp (150 x 30.000).

Miðað við þá innkomu sem gert er ráð fyrir hér þyrfti sveitarfélagið að bæta við um 5.000.000 til að tekjur Íþróttafélagsins Hattar héldu sér þrátt fyrir breytt fyrirkomulag á greiðslum frá foreldrum.

Með stækkun íþróttamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum er mögulegt að forsendur breytist, þar sem að þá gætu bæst við íþróttæfingar á þeim tíma sem helst er nýtt í Frístund, á milli 14-16. Því er mögulegt að aðsókn að Frístund minnki samhliða þessari stækkun og mögulegum breytingum á æfingatímum. Breytt aðgengi að fjölbreyttri þátttöku í íþróttum með sama gjaldi fyrir öll börn eins og lagt er til hér að ofan gæti einnig stutt það að fleiri sæki í íþróttæfingar á þeim tíma sem Frístund starfar.

⁴ Rétt er að taka fram að í sameinuðu sveitarfélagi bætast um 50 einstaklingar við umræddan aldurshóp

Hvernig á að vinna málin með tilliti til núverandi aðstæðna

Frístund

Miðað við þær forsendur sem nú eru til staðar varðandi Frístund er nauðsynlegt að hugsa skipulag starfseminnar lengra en bundið við það húsnæði sem nú er nýtt.

Húsnæði eða aðstaða sem hugsanlega væri hægt að nýta fyrir smærri hópa meðfram þeirri aðstöðu sem hægt er að notast við í skólunum:

- Íþróttamiðstöðin á Egilsstöðum og Fjölnotahúsið í Fellabæ
- Útikennslustofa Fellaskóla
- Sundlaugin á Egilsstöðum
- Samfélagssmiðjan (Blómabær)
- Hettan vallahús
- Nýjung félagsmiðstöð

Skipulag starfseminnar þyrfti líka að koma til endurskoðunar og hugsa Frístund í víðara og faglegra samhengi.

- Nýta starf í smærri hópum.
 - o Áhugasvið
 - o Hæfileikar
 - o Þarfir einstaklingsins
- Fara meira út – Selskógur, Tjarnargarður, Skjólgarður, Lagarfljót, ýmsar gönguleiðir og fjölbreytt útivist, íþróttir, sund.
- Samstarf við eldri borgara og/eða Dyngju.

Sumarfrístund

Lögum samkvæmt er sveitarfélaginu ekki skylt að halda úti gæslu fyrir grunnskólabörn í sumarleyfum, en sumarfrístund hefur verið þjónusta við foreldra frá því að grunnskóla er slitið í sumarbyrjun og þar til leikskólar fara í sumarfrí.

Hingað til hafa deildir Íþróttafélagsins Hattar tekið að sér að halda úti Sumarskóla í 4-6 vikur og hefur verið mismunandi á hvaða tíma dagsins og hvaða daga slíkur skóli hefur verið. Áður fyrr var þetta ágæt tekjulind fyrir deildirnar, en með auknum kröfum um mönnun og utanumhald þá hafa deildirnar ekki haft af skólanum neinar tekjur og síðasta sumar varð af skólanum nokkurt tap.

Grípa verður til einhverra ráðstafana ef bjóða upp á sumarfrístund á Fljótsdalshéraði árið 2020 en ekki er gert ráð fyrir fjármunum vegna þessa í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun.

Barnahópurinn sem sækir sumarfrístund er fjölbreyttur og þörf fyrir faglegan stuðning fyrir einstök börn hefur verið vaxandi á undanförunum árum. Það eru ekki síst börn með þörf fyrir

sérstakan stuðning, svo þau fái notið sín í félagslegum aðstæðum og eflist í því starfi sem einstaklingar, sem þurfa á faglegri starfsemi í sumarleyfi skólanna að halda.

Nauðsynlegt er að sumarfrístund, líkt og leikskólarnir, loki í a.m.k. fjórar vikur yfir sumarið, t.d. á sama tíma og leikskólar sveitarfélagsins eru lokaðir.

Kostnaðarútreikningar byggja á sumrinu 2019. Þeir eru með þeim fyrirvara að ávallt er rennt blint í sjóinn hvað varðar aðsókn og þarfir þeirra barna sem skólann stunda. Gera má ráð fyrir að aðsókn aukist, ekki síst ef starfsemin eflist sem fagleg heilsárs starfsemi.

Fjöldi skráðra barna: 20

Verð fyrir 4 vikur: 40.000 kr.

Aðstoð frá elstu nemendum vinnuskólans.

Gert ráð fyrir 4 starfsmönnum yfir sumarið (verður að gera ráð fyrir 2,5 mánuðum – gætu nýst annað, t.d. hjá félagsþjónustu, seinni part sumars).

Hægt væri að nýta Egilsstaðaskóla, Nýung, Hettuna og samfélagssmiðjuna eftir þörfum.

Innkoma	800.000
Laun x 4	4.800.000
Annar kostnaður	300.000
Samtals kostnaður:	4.300.000

Lokaorð

Sú sviðsmynd sem stefna ætti að varðandi frístundamál á Fljótsdalshéraði er faglegt starf á heilsársgrunni, þar sem þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra er í fyrirrúmi. Úrlausn fyrir öll börn, óháð aðstæðum, þar sem fagmennska og metnaður skiptir öllu máli.

Samfelld, fagleg sýn á frístundastarf er nauðsynleg og möguleikinn á því að vinna saman að öllu frístundastarfi í sveitarfélaginu, allt frá vöggu til grafar, eykur gildi þess. Hlutverk samfélagsins í félagsmótun hefur aukist mikið á undanförunum árum og áratugum og með því að tryggja íbúum aðgengi að uppbyggilegu og faglegu starfi í frístundum tókum við það hlutverk af alvöru, samfélaginu öllu til gagns. Samvera kynslóða er ekki lengur sjálfgefin í aðstæðum fjölskyldna og því kjörið að tengja kynslóðir í frístundastarfi, bæði ungum og öldnum til gagns, sú miðlun reynslu og þekkingar sem þar á sér stað skilar sér margfaldlega bæði til barna og þeirra sem eldri eru.

Frístundastarf er hluti af raunveruleika langflestna barna, unglunga og ungmenna og er það mikilvægur forvarnarþáttur en auk samveru með foreldrum hefur þátttaka í skipulögðu frístundastarfi sýnt sig að skipta sköpum í forvörnum gegn hvers kyns óæskilegu lífsmynstri. Þegar hefur verið minnst á mikilvægi skipulegs frístundastarfs fyrir máltöku barna af erlendum uppruna. Skipulagt frístundastarf til viðbótar við grunnskóladaginn er þar afar mikilvægt þar sem tíminn sem varið er í íslensku málumhverfi skiptir máli. Máltaka íslensku sem annars máls

er tímafrekt ferli og börn þurfi að verja a.m.k. 50% vökutímans í íslensku málumhverfi til þess að tungumálið vaxi og dafni og nýtist þeim til gagns.

Lög, reglur og viðmið sem ætti að hafa að leiðarljósi:

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Æskulýðsstefna Fljótsdalshéraðs

Lög um grunnskóla

Lög um félagsþjónustu og þjónustu við fatlaða

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum

Frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn, hlutverk, leiðarljós, markmið og viðmið